

Gestamiðstöð á Skagaströnd

Hafnarhúsið



Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2024

Upprunalegt útlit

Síldarsöltun á Skagaströnd
1935-1943. Hafnarhúsið
var upprunalega byggt árið
1935 á lóðinni þar sem
síldarverksmiðjan reis síðar.
Húsið var flutt á núverandi
stað í kringum árið 1943.
Húsið er timburhús sem síðar
var klætt með bárujárni.

Saga hússins og staðsetning
þess miðlægt á hafnarsvæðinu
gerir það upplagt til þess að
breyta í opna starfsemi fyrir
almenning og ferðamenn.



Upprunalegt útlit

1978



© Ljósmyndasafn Skagastrandar

Um 1940



Núverandi ástand




Húsið er á frábærum stað með útsýni yfir höfnina. Ytra byrði hússins er í lélegu standi, en ver eldri hluta hússins vel frá veðrum og vindi. Húsinu hefur verið pakkað inn í báru, en upprunaleg veggjaklæðning er undir járninu.




Núverandi ástand




Timburburðarvirki hússins er fallett og í góðu ásigkomulagi. Því hefur að mestu verið pakkað inn að innan og utan og er því varið veðri og öðrum ágangi. Verkstæði og léttur iðnaður er í húsinu, sjá mynd til hægri og að ofan. Myndirnar til vinstri sýna suðurenda hússins þar sem burðarvirkið og samsetningarnar eru sýnilegar.






Endurnýjun og uppfærslur



Bárujárn á þaki



Máluð timburklæðning í
stíl við upprunalegt útlit



Yfirdekkað útisvæði. Létt og opin
timburklæðning í sama lit









Grunnmynd - Núverandi burðarvirki
1:300

Einfalt og reglulegt súlnabil býður
upp á sveigjanleika í notkun
rýmisins.






Hafnarhús 640m²

1. Fjölnotasalur / aðstaða fyrir ferðaþjónustuaðila 124m²
2. Sýningarrými 94m²
3. Salerni
4. Sturtur
5. Þrif
6. Vindfang
7. Móttaka, upplýsingar, kaffisala
8. Setustofa 62m²
9. Eldhús 15m²
10. Geymsla 10m²
11. Skrifstofa 15m²
12. Aðalinngangur
13. Yfirdekkuð verönd
14. Útisvæði í tengslum við setustofu

Innanhússhönnun


Einföld innanhússhönnun leyfir fallegu upprunalegu burðarvirki að njóta sín. Kjarnar fyrir eldhús og salerni eru frístandandi og lokaðir að ofan og staðsettir undir bitunum. Glerveggir eru notaðir á völdum stöðum til þess að hólfa rými niður á praktískan en léttan hátt, og til að búa til vindföng við innganga. Timbur er notað í innvegg, núverandi steypugólf er lagfært og flotað með íslensku terrazzo útliti, og útvaldir litir og textílar notaðir til að skapa stemningu. Í sýningarrými er ýmis fræðsla um sögu, menningu og náttúru Skagastrandar.






Starfsemi

- Kaffistofa
- Ferðapjónustuaðilar
- Salerni / bað
- Eldhús / geymsla / skrifstofa
- Sýning




Aðkoma

- Aðalinngangur
- Aukainngangur




Aðgangsstýring

- Salerni / bað
- Sýning / Kaffistofa




Sveigjanleiki

- Opnanlegur veggur, hægt að slá saman rýmum




Starfsfólk


- Einn starfsmaður getur hæglega haft yfirsýn yfir alla starfsemi hússins




Vesturhlið
1:200




Austurhlið
1:200




Norðurhlið
1:200



Suðurhlið
1:200



Þversnið
1:200




Langsnið
1:200

Innblástur

Hafnarhússið var áður timburklætt og málað, með stórum verkstæðishlerum. Þetta útlit er notað til hliðsjónar, en útfært á nútímalegan hátt með fleiri opnunum sem henta starfseminni.





Litaval



Hefð er fyrir að mála timburhús á svæðinu í ýmsum litum, og skartaði Hafnarhúsið sjálft málaðri timburklæðningu áður en það var klætt. Innblástur í litavali er tekin frá nágrannahúsum Hafnarhússins — þar er fyrir gult, grænt og rautt hús og Hafnarhúsið fær því fagurbláan í tóni sem passar við hina litina.











Svipmyndir
Inngangur og sýning



Svipmyndir
Sýning með gömlum síldartunnum



Svipmyndir



Hönnun

ES
JA

jarævintýrið
kagaströnd

